
TÓNLEIKAR

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna



í Seltjarnarneskirkju
sunnudaginn 24. október 2010
kl. 17:00

Einleikari:
Gunnar Kvaran

Stjórnandi:
Oliver Kentish

Aðgangseyrir er kr. 2000, frítt fyrir börn,
afsláttarverð kr. 1000 fyrir nemendur og eldri borgara.

EfniSSkrá:

Jean Sibelius:

Pelleas og Melisande, svíta ópus 46

Við kastalahliðið

Melisande

Vor í garðinum

Þrjár blindar systur

Hjarðljóð

Melisande við rokkinn

Millispil

Dauði Melisande

Max Bruch:

Kol Nidrei, ópus 47, fyrir selló og hljómsveit

- HLÉ -

Franz Schubert:

Sinfónía nr. 3 í D-dúr

Adagio maestoso – Allegro con brio

Allegretto

Menuetto, vivace

Presto vivace

TÓNSKÁLD, VERK OG FLYTJENDUR:



Jean Sibelius (1865-1957) sýndi tónlistarhæfileika sína þegar á unga aldri. Hann lærði á fiðlu og samdi sína fyrstu tónsmíð aðeins níu ára. Eftir eitt ár í laganámi sneri hann sér alfarið að tónlistarnámi og lærði tónsmíðar og fiðluleik í Berlín og Vín. Hann varð fljótt vel þekktur af tónsmíðum sínum og hefur alla tíð síðan verið talinn í röð fremstu tónskálda. Tónverk hans voru gjarnan stór í sniðum, símfóniur, hljómsveitarsvítur og tónaljód. Hann samdi einnig tónlist fyrir leikhús og gerði eftir henni svítur til flutnings í tónleikasal, meðal annars þá sem hér er flutt.

Hin undarlega veröld sem kemur fram í leikritinu Pelleas og Melisande eftir Maurice Maeterlinck frá 1892 er full af stemningu, tilfinningum og sýmbólisma. Minna fer fyrir rökrænu samhengi í atburðarás. Sagan hefur þó orðið tónskáldum innblástur því Schönberg, Fauré og Sibelius sömdu við hana tónlist og Debussy notaði hana í sína einu óperu. Sagan fjallar um forboðna ást hinnar dularfullu Melisande og Pelleas, sem er mágur hennar. Eiginmaður Melisande, prinsinn Golaud, drepur Pelleas bróður sinn og særir Melisande. Síðar deyr hún af barnsförum en neitar sök sinni allt til enda. Golaud grátbiður um fyrirgefningu sem Melisande neitar honum um.



Max Bruch (1838-1920) fæddist í Köln í Þýskalandi og starfaði sem hljómsveitarstjóri, tónskáld og kennari víða í Þýskalandi og einnig um tíma í Liverpool í Englandi. Lengst starfaði hann í Berlín. Þar kenndi hann meðal annarra tónskáldunum Ralph Vaughan Williams og Respighi. Á sinni tíð var Bruch frægur af óperum, símfóníum og stórum verkum fyrir kór og hljómsveit. Má þar nefna óratóriuna Friðþjóf sem Símfóníuhljómsveit áhugamanna flutti ásamt Karalakórnum Fóstbræðrum í febrúar 2003. Flest þessara verka hafa fallið í gleysku og eru

Lítið flutt nú. Þeim mun betur eru þekkt verk Bruch fyrir fiðlu, til dæmis fiðlukonsert hans. Kol Nidrei er tvímælalaust eitt hans best þekktu verka. Verkið byggir á gömlu trúarstefi úr gyðingdómi og víkur raunar mjög lítið frá algengustu útgáfu þess. Stefið tengist Yom Kippur hátíðinni, einni mestu trúarhátíð gyðinga, og er flutt sem bæn um fyrirgefningu guðs. Max Bruch var þó ekki gyðingur en hann heillaðist af þjóðlegum hefðum og notaði víða þjóðlagastef í verkum sínum. Í Berlín stjórnaði hann um tíma kór gyðingasamfélagsins og þegar hann starfaði síðan í Liverpool tók gyðingasamfélagið þar honum tveim höndum og fól honum að semja verk fyrir sig. Kol Nidrei var frumflutt í lokuðum hópi í Liverpool 1880. Opinber frumflutningur var 11 mánuðum síðar í Leipzig. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna flutti verkið 1996 og var Gunnar Björnsson þá einleikari á selló.



Franz Schubert (1797-1828) bjó og starfaði lengst af í Vínarborg. Þar störfuðu á sama tíma Beethoven, Rossini og fleiri frægir tónlistarmenn. Listrænt umhverfi var örvandi en vissulega var samanburðurinn erfiður. Schubert var ótrúlega afkastamikill tónskáld og lét eftir sig mikinn fjölda verka þrátt fyrir stutta ævi. Meðal verka hans eru nokkrar óperur og söngleikir, leikhústónlist, sjö messur, átta sinfóníur, strengjakvartettar og fleiri kammerverk, tuttugu píanósónötur og sönötur fyrir ýmis önnur hljóðfæri. Þekktastur varð hann þó ef til vill fyrir ljóðin. Hann samdi meira en 600 lög við ljóð

ýmissa skálda. Fyrstu sinfóníuna skrifaði Schubert 16 ára gamall og á næstu fimm árum bætti hann fimm sinfóníum við. Þriðja sinfónían er skrifuð sumarið 1815 og er talið að hún sé samin fyrir áhugamannahljómsveit sem hittist með reglubundnu millibili og Schubert spilaði í sér til ánægju. Opinber frumflutningur fór þó ekki fram fyrr en hálfri öld eftir að tónskáldið lést.



Gunnar Kvaran er fæddur í Reykjavík árið 1944. Hann hóf tónlistarnám í Barnamúsíkskólanum þar sem kennari hans var Dr. Heinz Edelstein. Síðar stundaði hann nám við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Einari Vigfússyni og við Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn þar sem kennari hans var prófessor Erling Blöndal-Bengtsson. Framhaldsnám stundaði hann hjá prófessor Reine Flachot í Basel. Gunnar Kvaran hefur kennt við Tónlistarskólann í Reykjavík í þrjátíu ár og var ráðinn prófessor við tónlistardeild Listaháskóla Íslands haustið 2005. Hann stundar auk fastra starfa umfangsmikið tón-

leikahald bæði heima og erlendis. Hann hefur haldið einleiks- og kammertónleika í mörgum Evrópulöndum, auk Bandaríkjanna og Kanada, og m.a. komið fram í Wigmore Hall í London, Carnegie Hall í New York, í Beethoven Haus í Bonn og Mendelsohn Haus í Leipzig. Hann er meðlimur í kammerhópnum Trío Reykjavíkur. Gunnar hefur margsinnis leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, komið fram í útvarpi og sjónvarpi og allmargar hljómplötur og hljómdiskar hafa verið gefnir út með leik hans. Hann hlaut verðlaun úr sjóði Dr. Gunnars Thoroddsen árið 1990 fyrir tónlistarstörf og var valinn bæjarlistamaður Seltjarnarness árið 1996. Mörg undanfarin sumur hefur hann verið gestur á hinum ýmsu tónlistarhátíðum í Bandaríkjunum. Sumurin 1999 og 2000 var honum einnig boðið að kenna og leika á tónlistarhátíð í Grikklandi. Í desember 2001 var honum boðið að koma fram ásamt Hauki Guðlaugssyni organista á sérstökum hátíðartónleikum í Vendrell á Spáni, fæðingarbæ Pablo Casals. Þann dag voru 125 ár liðin frá fæðingu meistarans. Gunnar var sæmdur Riddarakrossi hinnar íslensku Fálkaorðu í júní 2006. Hann lék einleik með SÁ í mars 2001 og frumflutti þá verk eftir Oliver Kentish.

HLJÓMSVEITIN KYNNIR SIG



Anna von Heynitz ólst upp í Þýskalandi í bænum Wangen im Allgäu sem er skammt frá Bodensee. Hún fór í tónlistarskóla 9 ára til að læra á fiðluna sem hún fékk frá ömmu sinni. Fiðlunáminu hélt hún áfram þar til hún lauk menntaskólanámi. Þá flutti hún til Írlands og dvaldi þar í tvö ár. Fiðlan fór með. Anna lék með Wexford Sinfonia og spilaði einnig hefðbundin írsk lög á barnum þar sem Írar kenndu henni að spila án þess að lesa nótur. Þá flutti Anna til Svíþjóðar og fór aftur í fiðlunám

til að bæta sig. Eftir það fór hún til Berlínar og lærði hjúkrunarfræði. Þar lék hún með Junges Orchester der FU. Einnig fór hún sem skiptinemi til Ameríku þar sem hún m.a. lék í stuttan tíma með Edgewood Chamber Orchestra. Í dag býr Anna í Reykjavík, vinnur sem hjúkrunarfræðingur, lærir þýðingarfræði við Háskóla Íslands og spilar með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna.



Þórður Magnús Tryggvason

hóf tónlistarnám sjö ára í Tónlistarskóla Kópavogs. Hann var rúmt ár í forskóla og hélt svo áfram að læra á blokkflautu hjá Kristínu Stefánsdóttur. Eftir sex ára nám í blokkflautuleik bauðst honum að læra á fagott í hálf ár sem tilraunaverkefni. Skemmst er frá að segja að næstu þrjú ár stundaði hann nám á bæði hljóðfærin þar til

haustið 2009 að hann ákvað að einbeita sér að fagottleik. Þórður hefur tekið þátt í mörgum verkefnum, meðal annars á vegum S.L.Á.T.U.R., kammersveitar Tónlistarskóla Kópavogs, og í ýmsum samspilsverkefnum. Hann hóf að leika með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna vorið 2009.



Leifur Benediktsson hóf tónlistarnám 7 ára gamall í Barnamúsíkskólanum hjá Dr. Heinz Edelstein. Eftir fjóra vetur þar lá leiðin í fiðlu-nám, fyrst hjá Ruth Hermanns og síðan í Tónlistarskólanum í Reykjavík hjá Ingvari Jónassyni. Hann lærði á kontrabassa hjá Einari Waage í Tónlistarskólanum í nokkra vetur og spilaði jafnframt í Hljómsveit Tónlistarskólans undir stjórn Björns Ólafssonar. Á námsárunum lék Leifur með Amatörsynfonikerne í Kaupmannahöfn í þrjú ár. Hann var einn af stofnfélögum Sinfóníuhljómsveitar Reykjavíkur, sem starfaði á áttunda áratugnum, og var formaður hennar lengst af. Hann var einnig einn af stofnendum Sinfóníuhljómsveitar

áhugamanna og hefur leikið með henni frá upphafi en þó með hléum. Leifur hefur einnig leikið með og komið fram með ýmsum jasssveitum, einkum síðustu 20 árin eða svo. Leifur er verkfræðingur að mennt og hefur stundað verkfræðistörf síðustu tæp fjörutíu árin, nú síðast sem deildarstjóri byggingardeildar í Heilbrigðisráðuneytinu.

Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga R. Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Sigrún Andrésdóttir
Jónína Thorarensen
Anna Heynitz
Margrét Lára Jónsdóttir
Christina Guzman Oliete
Hrafnhildur Stefánsdóttir

2. fiðla

Ólöf Júlía Kjartansdóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Erna Másdóttir
Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir
Brynhildur Höskuldsdóttir

Víóla

Paul-Willian Marti
Hrefna Katrín Guðmundsdóttir
Hanna Kaasalainen
Súsanna Friðriksdóttir
Helga Guðrún Sigurjónsdóttir
Halldóra Æsa Aradóttir
Stephanie Lovell

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Freya Jónsdóttir
Hrefna Guðmundsdóttir
Kristín Thoroddsen
Hildur Guðjónsdóttir
Guðrún Svana Hilmarsdóttir

Kontrabassi

Roine Hultgren
Leifur Benediktsson

Flauta

Jón Guðmundsson
Berglind Stefánsdóttir

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Englahorn

Guðrún Másdóttir

Klarinett

Barclay Anderson
Daníel Friðjónsson

Fagott

Þórður Tryggvason

Horn

Sturlaugur Jón Björnsson
Arve Eriksson
Valdís Nína Gylfadóttir

Trompet

Steinar M. Kristinsson
Snorri Valsson

Pákur

Eggert Pálsson

Harpa

Monika Abendroth

Takið eftir breyttum stað og vikudegi!

Næstu tónleikar hljómsveitarinnar verða í Neskirkju laugardaginn 4. desember klukkan 17. Þá flytur hljómsveitin íslenska tónlist eftir Jón Leifs, Hildigunni Rúnarsdóttur og Magnús Blöndal Jóhannsson. Stjórnandi er Oliver Kentish.

Nánari upplýsingar um vetraráætlun hljómsveitarinnar má fá á vefsíðu hennar:

www.ahugasinfonia.is

Hljómsveitin þakkar

Seltjarnarneskirkju og Sinfóníuhljómsveit Íslands
ómetanlegan stuðning.

